

Halli Galli

Safaríkur ávaxtaleikur fyrir alla fjölskylduna!

Fjöldi: 2-6

Aldur: Frá sex ára og upp úr

Innihald: 56 spil – 1 bjalla – leiðbeiningar á íslensku

Stutt lýsing á leiknum

Hver leikmaður snýr við einu spili í réttri röð. Um leið og spilin sem snúa upp sýna 5 ávexti af sömu tegund getur sneggsti leikmaðurinn hringt bjöllunni og unnið öll spilin. Markmið leiksins er að eignast sem flest spil.

Undirbúningur

Setjið dúk eða mjúkt stykki á mitt borðið og bjölluna þar ofan á til að vernda borðið. Veljið þann sem á að gefa spilin. Hann stokkar fyrst spilin og gefur svo eitt í einu á leikmenn þar til öll eru búin. Leikmenn leggja spilin í bunka á grúfu á borðið, án þess að kíkja á þau.

Leikurinn

Leikmaður á vinstri hönd þess sem gaf hefur leikinn. Hver leikmaður snýr efsta spilinu og leggur það fyrir framan sig á borðið. Sá bunki er ruslabunki hvers leikmanns. Spilið á að leggja niður þannig að það hylji önnur spil í bunkanum og aðeins efsta spilið sé sýnilegt.

Að snúa spili

Snúðu spilinu frá þér til að tryggja að þú sjáir ekki eigið spil á undan öðrum leikmönnum. Snúðu því hratt og örugglega – þá sérð þú það líka fyrr!

Hvenær áttu að hringja bjöllunni?

Leikmenn berjast um að hringja bjöllunni um leið og spilin sem snúa upp sýna 5 ávexti af sömu tegund.



Þú þarft leifturhraða!

Sá leikmaður sem fyrstur hringir bjöllunni þegar spilin sýna 5 ávexti af sömu tegund vinnur alla ruslabunka annarra leikmanna. Að því loknu setur hann spilin neðst í bunkann sinn og hefur nýja umferð með því að snúa efsta spilinu í bunkanum.

Bless, bless!


Þegar leikmaður klárar spilin sín verður hann að hætta leik. Ruslabunkinn hans er áfram á borðinu þar til umferðinni lýkur og einhver vinnur bunkana.

Æi, en leiðinlegt!

Ef leikmaður hringir óvart bjöllunni þegar spilin sýna ekki 5 ávexti af sömu tegund verður hann að afhenda öllum hinum eitt spil úr bunkanum sínum.

Spili lýkur

Leiknum lýkur þegar aðeins tveir leikmenn eru eftir. Þeir halda áfram að spila þar til annar þeirra vinnur bunka hins. Hér gildir sérstök regla: Ef annar þessara tveggja leikmanna hringir bjöllunni fyrir slysi fær hinn allan bunkann hans og leiknum er lokið. Leikmennirnir geta hinsvegar líka haldið áfram þar til annar þeirra hefur unnið öll spilin til sín.



Sýnidæmi:

Hér eru fjórir leikmenn að spila.

Spilin sem snúa upp sýna 5 banana.

 **Spilavinir**